

Ed.

191. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. koma nýir töluliðir:

4. Á eftir 14. tölul. kemur nýr liður:

Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.

5. Úr sama tölul. falla burt orðin „og Suðureyrarhreppur“.

6. Á eftir 31. tölul. kemur nýr liður:

Raufarhafnarhérað: Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluti Þistilfjarðar að Kolluvík, og minnkar núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishérað sem því svarar. Læknissetur á Raufarhöfn.